

Fjármálafyrirtæki Afkoma Auðar Capital versnaði um 144 milljónir milli ára

Komin með hátt í 18 milljarða í stýringu

Þrátt fyrir að þóknatekjur Auðar Capital hafi liðlega tvöfaldast milli árunna 2008 og 2009 var félagið engu að síður rekið með 88 milljóna tapi í fyrra.

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON
arnor@vb.is

Auður Capital var rekin með 105 milljóna króna tapi fyrir skatta í fyrra á móti 63 milljóna hagnaði árið áður sem var fyrsta starfsár félagsins. Afkoman versnaði því um 168 milljónir fyrir skatta en um 144 milljónir að teknu tilliti til jákvæðrar skattfærslu. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins en í vor sendi Auður frá sér tilkynningu um afkomuna og eins að félagið væri skuldlaust en birti þá ekki reikninginn af samkeppnisástæðum.

Afar sterk eiginfjárstaða

Auður Capital er fjársterkt félag, eigið fé nam í lok ársins um 1,1 milljarði króna á móti heildareignum upp á 1,2 milljarða og CAD-eiginfjárlutfall Auðar er nánast fánalega hátt, eða tæplega 120%, en var þó enn hærra árið áður, eða 170%. En mikið eigið fé



Auður Capital

Milljónir króna	2009	2008	% breyting
Þóknatekjur	263.3	122.4	115.1%
Þóknagjöld	27.1	16.1	68.3%
Vaxtatekjur	89.3	154.7	-42.3%
Aðrar fjármagnstekjur nettó	74.1	113.4	-34.7%
Þóknagjöld	27.1	16.1	68.3%
Hreinar rekstrartekjur	397.8	373.6	6.5%
Laun og launatengd gjöld	290.2	200.3	44.9%
Skrifstofu og rekstrarkostnaður	194.1	106.4	82.4%
Rekstrargjöld alls	502.3	310.4	61.8%
Hagnaður fyrir skatta	-104.5	63.2	
Skattar	16.5	-7.4	
Hagnaður tímabils	-88.0	55.8	

kallar auðvitað á hlutfallslega mikinn hagnað ef eigendur fjárens eiga að fá viðunandi arðsemi af aurunum sínum. Þar skorti mikið upp á hjá Auði Capital í fyrra en félagið er auðvitað rétt að slíta barnsskónum og greinilega unnið að því að stækka og auka umsvif þess. Eigendur og stjórnendur gera sér þá vafalaust vonir um að það muni skila sér til baka í bættum og öflugri rekstri á næstu misserum, ef allt gengur eftir, en tíminn einn mun leiða það í ljós. Þannig má nefna að mikil aukning varð í þeim eignum sem Auður Capital er með í stýringu: í árslok 2008 námu þær 10,8 milljörðum króna en um síðustu áramót námu þær 17,7 milljörðum. Og aukin umsvif endurspegluðust einnig í fjölda starfsmanna: þeir voru 16 í upphafi ársins en 33 í lok þess. Þetta skilaði sér í því að þóknatekjur Auðar liðlega tvöfölduðust milli ára og fóru í 263 milljónir. Það dugði þó ekki til þess að vege upp á móti verulega auknum rekstrarkostnaði og samdrætti í hreinum vaxtatekjum og öðrum fjármagnstekjum. Niðurstaðan varð 88 milljóna tap eftir skatta og verulegur viðsnúningur í rekstrinum í ár þarfrá að koma til ef Auður á að skila eigendum sínum arði.

Eiga 34% en ráða yfir 48% af atkvæðamagni

Stærstu eigendur Auðar Capital eru stofnendurnir Halla Tómasdóttir og Kristín Pétursdóttir. Félag þeirra, HT Capital og KP Capital, á hvort um sig tæplega 17% hlut en til samans ráða félag þeirra yfir liðlega 48% af atkvæðamagni. Guðbjörg Edda Eggertsdóttir er þriðji stærsti hluthafinn með 10% hlut en það sem eftir stendur, eða liðlega 56% af hlutafé Auðar Capital, deilist á 25 aðra smærri hluthafa. Fram kemur í ársreikningi félagsins að laun Kristínar, sem er forstjóri Auðar, og Höllu, sem er starfandi stjórnarformaður, námu tæpum 18 milljónum í fyrra en það táknað að hvor um sig var með um 1,5 milljónir í laun á mánuði. Tekið skal fram að stjórnendur og forstjóri Auðar áttu ekki kaupréttarsamninga og fengu heldur greidda bónusa árin 2008 og 2009.

